



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Vínartónleikar 2015

8., 9. og 10. janúar





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út sunnudaginn 11. janúar.

*Lengd tónleikanna er um það bil 2 klukkustundir.*

*Hljóðfæraleik á undan tónleikum og í hléi annast Flemming Viðar Valmundsson. Flemming Viðar leikur í Hörpuhorni á annarri hæð.*

*Í tilefni Vínartónleikanna selja barirnir í Hörpu svalandi freyðivín fyrir tónleika og í hléi.*

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

# Vínartónleikar

Tónleikar í Eldborg 8., 9. og 10. janúar

**David Danzmayr** hljómsveitarstjóri  
**Dísella Lárusdóttir** einsöngvari  
**Garðar Thór Cortes** einsöngvari

<b>Johann Strauss</b> yngri	<i>Leðurblakan, forleikur</i>
<b>Joseph Hellmesberger</b> yngri	<i>Danse Diabolique</i>
<b>Johann Strauss</b> yngri	<i>Frühlingsstimmen, vals</i>
<b>Emmerich Kálmán</b>	<i>Grüss mir mein Wien</i> úr <i>Marizu greifafrú</i>
<b>Johann og Josef Strauss</b>	<i>Pizzicato Polka</i>
<b>Franz Lehár</b>	<i>Eine Vision, meine Jugend</i>

Hlé

<b>Franz von Suppé</b>	<i>Die schöne Galathée, forleikur</i>
<b>Franz Lehár</b>	<i>Vilja Lied</i> úr <i>Kátu ekkjunní</i>
<b>Johann Strauss</b> yngri	<i>Annenpolka</i>
<b>Franz Lehár</b>	<i>Dein ist mein ganzes Herz</i> úr óperettunni <i>Brosandi land</i>
<b>Franz Lehár</b>	<i>Meine Lippen sie küssen so heiss</i> úr <i>Giuditta</i>
<b>Franz Lehár</b>	<i>Lippen schweigen</i> úr <i>Kátu ekkjunní</i>
<b>Johann Strauss</b> yngri	<i>An der schönen blauen Donau</i>

## David Danzmayr

hljómsveitarstjóri



David Danzmayr er Austurríkismaður og er í fremstu röð evrópskra hljómsveitarstjóra. Hann stundaði nám í píanóleik og hljómsveitarstjórn við Mozarteum tónlistarháskólann í Salzburg og útskrifaðist þaðan með láði. Hann hlaut síðar styrk Gustav Mahler æskuhljómsveitarinnar til náms hjá Claudio Abbado og Pierre Boulez og nam einnig hjá Leif Segerstam við Sibeliusarakademíuna í Helsinki. Danzmayr sótti sér frekari reynslu sem aðstoðarhljómsveitarstjóri Neemes Järvi, Walters Weller, Sir Andrew Davies og Pierre Boulez í Vínnarborg og hjá Dennis Russell Davies í New York.

Hann vann til verðlauna í alþjóðlegu hljómsveitarstjóra-keppninni sem kennd er við rússneska hljómsveitarstjórann Nikolai Malko og komst einnig í úrslit í Georg Solti keppninni í Chicago.

Danzmayr var um þriggja ára skeið aðstoðarhljómsveitarstjóri Royal Scottish National Orchestra í Glasgow og stjórnaði hljómsveitinni þá oft en 70 sinnum víða um Skotland, m.a. á hinni þekktu St. Magnus tónlistarhátíð í Orkneyjum. Hann hefur síðan verið fastur gestastjórnandi hljómsveitarinnar auk þess að stjórna mörgum öðrum þekktum hljómsveitum, þar á meðal City of Birmingham Symphony Orchestra, Sinfóníuhljómsveitinni í Basel, Mozarteum hljómsveitinni í Salzburg, hljómsveit Skosku óperunnar og Bruckner Orchester Linz.

David Danzmayr hefur lagt mikla rækt við tónlist 21. aldarinnar og er tónlistarstjóri kammerhópsins Ensemble Acrobat í Salzburg og fastur gestastjórnandi hins austurríska Ensemble für neue Musik. Þá hefur hann verið gestakennari við Royal Scottish Academy of Music and Drama og Australia International Symphony Orchestra Institute.

## Dísella Lárusdóttir

söngvari



Dísella Lárusdóttir þreytti frumraun sína hjá Metropolitan óperunni í New York í mars 2013 þar sem hún söng hlutverk *Garsendu* í óperunni *Francesca da Rimini* eftir ítalska tónskáldið Riccardo Zandonai. Síðan þá hefur hún fengið að spreyta sig í fimm öðrum óperuuppfærslum á þessu merka sviði; sem Woglinde í óperum Richards Wagner *Rheingold* og *Götterdämmerung*, 2. þjónn í *Frau Ohne Schatten* eftir Richard Strauss, 1. skógarálfur í *Rusalka* eftir Antonin Dvorák og Lísá í *La Sonnambula* eftir Vincenzo Bellini. Undanfarið ár hefur hún starfað við óperuna með eins árs fastráðningu en aðeins 10 manns fá slíka ráðningu ár hvert og var Dísella eina sópransöngkonan. Þess má geta að *Francesca da Rimini* og *Rusalka* voru sýndar í beinni útsendingu um allan heim í svokallaðri HD Live sýningu.

Vorið 2013 kom Dísella fram sem einsöngvari í *Vesperae Solennes de Confessore* eftir Mozart í Carnegie Hall og síðastliðið sumar söng hún annað einsöngshlutverkið í *Stabat Mater* eftir Giovanni Battista Pergolesi í Disney Hall í Los Angeles. Þá kom hún fram á tónlistarhátíðum í Madison, Wisconsin og í Breckenridge, Colorado.

Dísella Lárusdóttir söng fyrst með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2007 og nokkrum sinnum síðan, m.a. á Vínartónleikum árið 2009. Sama ár fór hún með hlutverk Adinu í *Ástar-drykknum* eftir Donizetti í Íslensku óperunni.

 @DisellaSoprano

## Garðar Thór Cortes

söngvari



Garðar Thór Cortes hóf söngnám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur árið 1993 og útskrifaðist þaðan fjórum árum síðar. Eftir það nam hann við Tónlistarháskólann í Vínarborg, sótti einkatíma hjá André Orlowitz í Kaupmannahöfn og stundaði nám við óperudeild Konunglega tónlistarháskólans í Lundúnum.

Garðar Thór hefur komið víða fram og haldið einsöngs-tónleika, sungið í söngleikjum, óratórium og óperum hér heima, víðsvegar í Evrópu og einnig í Bandaríkjunum. Hann hefur sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og með sópransöngkonunni Kiri Te Kanawa. Þá kom hann fram á lokatónleikum Proms-tónlistarhátíðarinnar í Lundúnum og söng þar fyrir tugþúsundir.

Meðal óperuhlutverka sem Garðar hefur sungið eru Ferrando í *Così fan tutte*, Fenton í *Falstaff*, Alfredo í *La Traviata*, Rinuccio í *Gianni Schicchi*, Ítalskur söngvari í *Der Rosenkavalier*, Vakula í *Cherevichki*, Chanfalla í *Das Wundertheater*, Rodolfo í *La Bohème*, Hertoginn í *Rigoletto* og Alberto í *L'occasione fa il ladro*. Hann söng hlutverk Don Ramiro í *Öskubusku* árið 2006 og hlutverk Nemorinos í *Ástardrykknum* árið 2009 hjá Íslensku óperunni. Haustið 2011 tók Garðar þátt í 25 ára afmælisýningu *The Phantom of the Opera* í Royal Albert Hall sem var send beint út í kvikmyndahúsum um allan heim.

Garðar Thór hefur hefur sungið í þremur uppfærslum Íslensku óperunnar í Hörpu: Tamino í *Töfraflautunni*, Rodolfo í *La Bohème* og Don José í *Carmen*.

## Vínartónlistin í ár

Á fyrsta degi þessa nýbyrjaða árs hélt Fílharmóníuhljómsveit Vínarborgar nýárstónleika sína í 75. sinn í Musikvereinsalnum í Vín en fyrstu tónleikarnir, á gamlársdag árið 1939, mörkuðu upphaf hefðar sem hljómsveitir um allan heim hafa síðar tekið upp og njóta fádæma vinsælda. Að þessu sinni voru tónleikar Vínarfílharmóníunnar í beinni útsendingu í ríflega 90 þjóðlöndum og er talið að fleiri en 50 milljónir sjónvarps-áhorfenda hafi notið þeirra.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu Vínartónleika árið 1972 en þeir hafa um árabíl verið langvinsælustu og fjöl-sóttustu tónleikar hljómsveitarinnar.

Tónleikarnir í ár eru þeir þrítugustuogfimmту síðan Vínar-tónleikar urðu að árlegum viðburði frá og með árinu 1981.

Líkt og á tónleikunum það ár gefur forleikurinn að *Leður-blökunni*, óperettu Johanns Strauss, upptaktinn. Forleikurinn er listilega saman settur eins og raunar óperettan öll, enda er *Leðurblakan* eitt allra vinsælasta verk sinnar tegundar og er undantekningarlaust á fjöllum beggja stóru óperuhúsanna í Vínarborg á gamlárskvöld. Það var höfundurinn sjálfur sem stjórnaði frumflutningi verksins í Theater an der Wien í apríl árið 1874.

Það má geta sér þess til að hinn 9 ára gamli Josef Hellmesberger, eða Pepi eins og hann var kallaður, hafi verið við-staddur frumsýningu *Leðurblökunnar* í fylgd föður síns og alnafna sem var þekktur tónlistarmaður og tónskáld. Pepi varð síðar konsertmeistari hirðhljómsveitarinnar í Vín og hljómsveitarstjóri hirðóperunnar. Hann tók við af Gustav Mahler sem aðalhljómsveitarstjóri Vínarfílharmóníunnar árið 1901 og gegndi stöðunni í tvö ár. Hellmesberger yngri var einnig atkvæðamikill tónskáld en eftir hann liggja m.a. 22 óperettur, sex ballettar, ljóð og danstónlist af ýmsu tagi.

---

## Tónlistin á Íslandi

*Sinfóníuhljómsveit Íslands lék forleikinn að Leðurblökunni í fyrsta sinn á tónleikum í Þjóðleikhúsinu í júníbyrjun á stofnári hljómsveitarinnar 1950. Á þjóðhátíðardaginn 1952 var óperettan frumsýnd í Þjóðleikhúsinu og sýnd 35 sinnum með hléum fyrir rúmlega 20 þúsund gesti fram í lok október. Annan í jólum 1973 var óperettan færð upp að nýju og urðu sýningarnar samtals 50 talsins. Íslenska óperan flutti Leðurblökuna vorið 1985 og aftur fjórtán árum síðar. Það sýningaferli endaði með glæsilegri gestasýningu í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum.*

Hann nýtur þess að hafa tengst Vínarfílharmóníunni því að hann er eitt fárra tónskálda utan Strauss feðga sem heyrast á nýárstónleikum hennar og er *Danse Diabolique* eitt dæmi þess.

Líkt og mörg önnur verk eftir Johann Strauss var valsinn *Frühlingsstimmen* (Raddir vorsins) frumfluttur í Theater an der Wien. Það var kóloratúrsöngkonan Bertha Schwarz (listamannsnafn Bianca Bianchi) sem söng, en tilefnið var góðgerðarsamkoma til styrktar fátækum. Textann samdi Richard Genée og fjallar hann á rómantískan hátt um vorkomuna, söng lævirkjans og næturgalans, hlýja golu, sæta drauma og ástarþrá.

Ungverska tónskáldið Imre eða Emmerich Kálmán (1882–1953) var ásamt landa sínum Franz Lehár í fararbroddi á silfuröld Vínaróperettunnar á fyrsta fjórðungi 20. aldar. Þrátt fyrir gyðinglegan uppruna sinn var Kálmán uppáhaldstónskáld Adolfs Hitler og eftir sameiningu Austurríkis og Þýskalands var honum boðið að verða „heiðursári“ sem hann afþakkaði. Í kjölfarið flúði hann land, fyrst til Parísar en settist síðar að í Bandaríkjunum. *Grüss mir mein Wien* (Berðu Vínarborg kveðju mína) er aría úr óperettunni *Mariza greifafrú* en kjarninn í verkinu eru samskipti greifafrúarinnar og fátæka greifans Tassilos. Sagan gerist í Ungverjalandi og er arían saknaðarljóð Tassilos til Vínar. Hann lyftir vínglasi sínu til mánans og biður hann að bera kveðju sína bláeygum og heillandi konum Vínar, Dóná, valsinum og Vín allri sem er hans ævintýraheimur.

Bræðurnir Johann og Josef Strauss (sem líkt og Hellmesberger var kallaður Pepi) sömdu *Pizzicato Polka* í tilefni Rússlandsferðar Strauss-hljómsveitarinnar árið 1869. Eins og titillinn bendir til eru strengirnir plokkaðir í polkanum en klukkuspilið fær að vera með, eitt hinna hljómsveitarhljóðfæranna.

---

## Tónlistin á Íslandi

Dr. Victor Urbancic, sem fluttist hingað til lands frá Austurríki árið 1938, var brautryðjandi í óperettu- og óperuflutningi á Íslandi. Hann stjórnaði uppfærslu á óperettu Lehárs *Brosandi land* í Iðnó árið 1942 og *Kátu* ekkjunní þegar verkið var fyrst sett á fjalir Þjóðleikhússins árið 1956 en það ár stýrði hann einnig flutningi á Töfraflautunni eftir Mozart. Áður hafði hann m.a. stjórnað óperum Verdis *Rigoletto* og *La Traviata* og síðar kom *Tosca* eftir Puccini og fleiri verk.



---

## Tónlistin á Íslandi

Óperetta Lehárs Káta Ekkjan hefur þrisvar sinnum verið sett á fjalirnar í Reykjavík. Fyrst var hún sýnd í Þjóðleikhúsinu svo til sleitulaust frá 1. júní til 8. júlí árið 1956 og sáu ríflega 18 þúsund manns verkið á 28 sýningum. Káta ekkjan laðaði svo til sín enn fleiri sýningargesti í Þjóðleikhúsið árið 1978. Tæpum tveimur áratugum síðar var hún aftur mætt en í þetta skipti á fjalir Íslensku óperunnar við Ingólfsstræti og enn við fádæma vinsældir.

Í síðasta atriðinu fyrir hlé fá áheyrendur að skyggjast inn í æskuminningar Franz Lehár (1870–1948) í *Eine Vision, meine Jugend* (Sýn, æska mín). Lehár fæddist í bænum Komárno sem þá tilheyrði Ungversk-austurríska keisaradæminu en er nú í Slóvakíu. Faðir hans var austurrískur lúðrasveitarstjórnandi í 50. fótgönguliði Franz Josefs keisara en móðirin ungversk af þýskum uppruna. Lehár stundaði framhaldsnám í fiðluleik og tónsmíðum við Tónlistarháskólann í Prag og það var Antonín Dvořák sem hvatti hann til að einbeita sér að tónsmíðum.

Nú er lag að halla sér aftur í sætinu, loka augunum og njóta myndanna sem þessi mikli meistari melódíunnar málur af æsku sinni.

Segja má að þeir Franz Lehár og Johann Strauss eigi sviðið eftir hlé, þó með einni undantekningu. Francesco Ezechiele Ermenegildo Cavaliere di Suppé-Demelli fæddist árið 1819 í borginni Split, sem liggur við Adríahafið og tilheyrir nú Króatíu, og var því sex árum eldri en Johann Strauss. Hann var af belgískum og ítölskum uppruna í föðurætt en móðirin frá Vínarborg. Suppé hóf snemma að semja tónlist og fyrsta verk hans, *Rómversk-kaþólsk messa*, var frumflutt þegar hann var aðeins 13 ára gamall. Á þrítugsaldri flutti hann til Vínarborgar og tók við stöðu hljómsveitarstjóra í Theater in der Josefstadt sem er sögufrægt leikhúsi í 8. hverfi borgarinnar. Fyrir það hús, Theater an der Wien og fleiri leikhús staðarins samdi hann tónlist fyrir meira en 100 uppfærslur.

Þegar óperettur hins franska Jacques Offenbach fóru að heyrast í Vínarborg í upphafi sjöunda áratugar 19. aldar hljóp keppnisskap í tónskáldið Franz von Suppé og hann hófst handa við að semja Vínaróperettu á grunni hins nýja franska stíls. Afraksturinn var óperettan *Die schöne Galathée* (Galatea hin fagra) sem var frumsýnd í Berlín árið 1863 og markaði fyrsta stóra sigur Suppés á ferlinum.

*Káta ekkjan* og *Brosandi land* eru vafalaust vinsælustu óperettur Franz Lehár en einstakar ariur úr öðrum óperettum hans hafa einnig notið hylli. *Káta ekkjan* (Die lustige Witwe) var frumsýnd í Theater an der Wien árið 1906 og fór strax sigurför um heiminn. Til marks um það má nefna að verkið var sýnt samtals 777 sinnum eftir frumsýningu þess í London árið 1907 áður en haldið var í sýningarferð um Bretlandseyjar. Þá hefur óperettan verið kvikmynduð fjórum sinnum. Sögusviðið er París, en í verkinu segir af ekkjunni Hönnu Galwari sem nýlega hefur erfð mikil auðævi eftir mann sinn og viðleitni stórhertogans af Pontevetro (afbökun á Montenegro, Svartfjallalandi) til að sjá til þess að hún giftist rétta manninum í því skyni að forða föðurlandinu frá gjaldþroti. Óperettan lýsir enn fremur gagnkvæmri ást Hönnu og Danilos sendiráðsritara en ekki síst staðfestu hennar sem heiðvirðrar konu.

Í veislu sinni til heiðurs stórhertogannum í öðrum þætti óperettunnar syngur Hanna *Vilja lied* (ljóð Vilju), þjóðlag frá heimalandinu sem fjallar um samskipti skógardísarinnar Vilju og ástsjúks mennsks manns. Síðara lagið úr *Kátu ekkjunni* sem hér verður flutt, er dúettinn *Lippen schweigen* (Varir þegja) úr þriðja þætti þar sem allt er fallið í ljúfa löð milli elskendanna. Hefð er fyrir því að tónleikagestir taki undir í viðlaginu:

Varir þegja, vildu segja:

Unn þú mér.

Fiðlur hljóma, enduróma:

Ann ég þér.

Handtak hlýtt mér tjáir

heitt þú elskir mig.

Eitt er víst, já eitt er víst,

ég elska þig.

---

## Tónlistin á Íslandi

*Brosandi land*, óperetta Franz Lehárs, var sýnd þrettán sinnum í Þjóðleikhúsinu vorið 1968 fyrir

fullu húsi. Flutningnum stjórnaði

Bohdan Wodiczko sem þá var aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands en Sven Áge Larsen leikstýrði og Lárus Ingólfsson gerði leikmyndina.

Með aðalhlutverkin fóru Stína-Britta Melander og Ólafur Þ. Jónsson. Í

öðrum hlutverkum voru m.a. Eygló Viktorsdóttir, Hjálmar Kjartansson, Sunna Borg, Arnar Jónsson og Valur Gíslason.

Óperettan *Brosandi land* (Land des Lächelns) sem frumsýnd var árið 1923 gerist í Vín og Beijing og fjallar um vonlaust hjónaband Vínarstúlkunnr Lísu og kínverska prinsins Sou-Chong. Í aríunni *Dein ist mein ganzes Herz* (Ást mína átt þú ein) tjáir prinsinn Lísu ást sína. Þessi aría er ein frægasta tenóraría allra tíma en sópransöngkonurnar eiga líka eina slíka í *Meine Lippen sie küssen so heiss* sem titilpersónan í óperettunni *Guiditta* (Júdí) syngur þegar hún veltir fyrir sér hvað það sé í fari hennar sem töfrar alla menn.

Á undan aríunum heyrast *Annenpolka*, en hann samdi Strauss árið 1852 og notaði síðar sem söng hinnar létthífuðu Annínu (Schwipslied) í óperettunni *Nótt í Feneyjum*. Dagskránni lýkur með frægasta valsi eða öllu heldur valsasyrpu allra tíma, *An der schönen, blauen Donau* - Dónárvalsinum.

*Sigurður Ingvi Snorrason*

## Á döfinni á nýju ári

### Ungir einleikarar

**Fim. 15. jan. » 19:30**

Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja, og fá þeir hlutskörpustu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu. Vinningshafar keppninnar vekja verðskuldaða athygli og mikil eftirvænting ríkir fyrir þeim krafti sem býr í unga tónlistarfólkinu okkar.

**André Jolivet**

*Concertino fyrir trompet,  
píanó og strengi*

**Robert Schumann**

*Píanókonsert í a-moll*

**Maurice Ravel**

*Píanókonsert í G-dúr*

**Edward Elgar**

*Sellókonsert í e-moll*

**Torodd Wigum** hljómsveitarstjóri

**Baldvin Oddsson** trompetleikari

**Erna Vala Arnardóttir** píanóleikari

**Lilja María Ásmundsdóttir** píanóleikari

**Steiney Sigurðardóttir** sellóleikari

### Macbeth og Kullervo

**Fim. 22. jan. » 19:30**

Á starfsárinu halda hljómsveitir um víða veröld upp á 150 ára fæðingarafmæli Richards Strauss og Jeans Sibelius. Fyrir utan fjölmargar óperur sínar er Strauss þekktastur fyrir tónaljóðin og er *Macbeth*, sem byggir á leikriti Shakespeares, hið fyrsta í röðinni. Sibelius sækir efnivið sinn í sagnabálkinn *Kalevala* og dregur upp myndir úr lífi hins hvatvísa Kullervos en verkið er hið fyrsta í röð tólf tónaljóða sem byggð eru á finnsku þjóðargerseminni.

**Richard Strauss**

*Macbeth, sinfónískt ljóð*

**Jean Sibelius**

*Kullervo, sinfónískt ljóð*

**Petri Sakari** hljómsveitarstjóri

**Jorma Hynninen** og **Þóra Einarsdóttir** einsöngvarar

**Karлакór Reykjavíkur** og **Karлакórinn Fóstbræður**



## Meistarataktar

**Fim. 29. jan. » 19:30**



Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músík-dögum er jafnan að finna spennandi efnisskrá þar sem íslensk tónlist er í forgrunni. Einleikararnir, Sigrún Eðvaldsdóttir og Hávarður Tryggvason eru, líkt og stjórnandinn Petri Sakari, meistarar í flutningi íslenskrar nútímatónlistar.

<b>Þorkell Sigurbjörnsson</b>	<i>Ymur</i>
<b>Leifur Þórarinsson</b>	<i>Hnit</i>
<b>Þorkell Sigurbjörnsson</b>	<i>Niður, kontrabassakonsert</i>
<b>Hilmar Þórðarson</b>	<i>Lupus chorea</i>
<b>Leifur Þórarinsson</b>	<i>Fíðlukonsert</i>

**Petri Sakari** hljómsveitarstjóri

**Hávarður Tryggvason** og **Sigrún Eðvaldsdóttir** einleikarar

## Sinfóníur nr. 3 með Osmo

**Fim. 5. feb. » 19:30**



Osmo Vänskä hlaut Grammy-verðlaunin 2014 ásamt Minnesota hljómsveitinni fyrir hljómdisk með 1. og 4. sinfóníu Sibeliusar og nú gefst aðdáendum Osmos tækifæri til að hlýða á túlkun hans á 3. sinfóníunni í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

<b>Jean Sibelius</b>	<i>Sinfónía nr. 3</i>
<b>Anton Bruckner</b>	<i>Sinfónía nr. 3</i>

**Osmo Vänskä** hljómsveitarstjóri

# Hljómsveit á tónleikum

8., 9. og 10. janúar 2015

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Sif Margrét Tulinius  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Bryndís Pálsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Laufey Sigurðardóttir

## 2. FIÐLA

Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Þórdís Stross  
Laufey Jensdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Christian Diethard  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir

## VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Eyjólfur Alfreðsson  
Kathryn Harrison  
Guðrún Þórarinsdóttir

Þorkell Jónsson *dansari*  
Denise Yaghi *dansari*  
Freyþór Össurason *dansari*  
Sophie Webb *dansari*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*  
Grimur Grímsson *sviðsstjóri*

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Auður Ingvadóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Bryndís Björgvinsdóttir

## BASSI

Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Matthías Nardeau  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Einar Jóhannesson  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir

Agnar Hermannsson *ljós*  
Róbert Steingrímsson *hljóði*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Margrét Ása Jóhannsdóttir *nótna- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Oddur Björnsson  
Sigurður Þorbergsson  
Jón Halldór Finnsson

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Kjartan Guðnason

Dans á rósum *blómahönnun*  
Blómin á tónleikunum koma frá  
Grænum markaði.

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*  
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Valgerður Árnadóttir *umsjónarmaður*





# Rómeó og Júlía

Rico Saccani snýr aftur

Mið. 13. maí » 19:30

Tryggið ykkur miða

**Pjotr Tsjajkovskij**

*Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur*

**Leonard Bernstein**

*Úr West Side Story*

**George Gershwin**

*Úr Porgy og Bess*

**Rico Saccani** hljómsveitarstjóri

Ástir, átök og örlög á vorkvöldi í Eldborg. Eitt frægasta tónverk Tsjajkofskijs er byggt á Rómeó og Júlíu Shakespeares. Það á líka við um söngleikinn West Side Story eftir Bernstein en þar eru átökin færð til New York. Smellirnir Summertime og Ain't Necessarily

So úr Porgy og Bess eftir Gerswin öðlast nýtt líf í litríkri útgáfu.

Rico Saccani var aðalstjórnandi SÍ á árunum 1998–2002 og snýr nú aftur til að stjórna Sinfóníu-hljómsveitinni, í fyrsta sinn um langt skeið.



@icelandsymphony #sinfó



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

**Sigrún:** Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)